
Garðabær

Velsæld í Garðabæ

Aðdragandi og verkefnistillaga

Ráðgjafar Capacent voru kallaðir á fund með fulltrúum Garðabæjar til þess að ræða frekari útfærslur á fyrsta fasa verkefnisins (sjá fyrri verkefnatillögu).

Markmið fyrsta fasans er að;

- I. Kortleggja stöðu þeirra þátta sem hafa áhrif á velsæld/heilsu íbúa Garðabæjar. Það mun gefa stýrihópi frekari upplýsingar um stöðu mála í Garðabæ til þess að vinna með í seinni fasa.

Markmið seinni fasans er að;

- II. Í seinni fasa leggjum við til að gerð verði könnun meðal íbúa Garðabæjar og fá sjónarmið hagsmunaraðila í bæjarfélaginu í tengslum við heilsufar og velferð.
- III. Að setja fram skipulagaðar og markvissar tillögur að aðgerðum til að efla, bæta heilsu, líðan og velferð íbúa Garðabæjar.

Framkvæmd verkefnis

Forsendur við framkvæmd þessa verkefnis er að bæjarskrifstofa Garðabæjar leggi til mannauð þannig að mögulegt verði að framkvæma neðangreinda verkþætti innan þess fjárhagsramma sem lagt er uppi með. Æskilegt er að þessa verkaskipting verði útfærð við fyrsta tækifæri.

Í upphafi verður myndaður stýrihópur sem er samansettur af ráðgjöfum og fulltrúum stjórnssýslu Garðabæjar og fer sá hópur með verkstjórn þessa fyrsta fasas.

Lagðar eru til eftirfarandi vörður í verkefninu:

Verkþáttur A – Skýr markhópaskipting

Ná skýrri mynd af íbúum Garðabæjar og hvernig er best að skipta þeim niður í markhópa sem unnið verður með þegar skipluleggja á aðgerðir til þess að efla, bæta heilsu og líðan íbúa Garðabæjar.

Verkþáttur B – Greininga á stöðunni

Kortleggja núverandi framboð þeirra þátta sem efla velsæld/heilsu íbúa Garðabæjar.

Verkþáttur C – Rýnifundir

Haldnir verða allt að tveir til fjórir rýnifundir með lykilaðilum innan Garðabæjar

- Skólastjórar leik- og grunnskóla
- Heilsugæsla, lögregla, sál-gæsla, félagsþjónusta og fleiri
- Íþrótt- og tómstundir
- Fulltrúar hagsmunaaðila eldri borgara

Verkþáttur D – Samantekt

Stutt greinargerð á niðurstöðum verkþátta A, B, og C. Tillögur að næstu skrefum.

Verkefni getur hafist í byrjun 2020 og mun greinargerðin liggja fyrir vorið 2020.

Afurð verkefnisins:

- I. Skýr sýn á framboð þess sem í boði er í dag fyrir íbúa Garðabæjar og styður við velsæld/heilsu íbúa
- II. Mat lykilaðila á því sem í boði er og stöðumat
- III. Aukin vitund um skiptingu íbúa Garðabæjar í markhópa

Þóknun Capacent

Áætluð þóknun án VSK fyrir verkþætti A til D eru 2. Mkr.

Samþykki

Við vonum að framangreind verkefnistillaga falli að þörfum og hagsmunum verkkaupa.

Reykjavík 27.12.2019

Virðingarfyllst

f.h. Capacent

[Nafn fjárhagslega ábyrgs ráðgjafa]